

Fundagerð 18. fundar í Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar 3. desember 2007 kl. 12:00 á skrifstofu ÞK, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Stefán Þórarinsson, stjórnamaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundagerð.

1. Fundagerð síðasta stjórnarfundar.
Fundagerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum
2. Sala og leiga eigna.
 - a. Tilboð í eign 639 frá ÍAV. Stjórn fól framkvæmdarstjóra að ganga til samninga við ÍAV byggt á tilboði þeirra.
 - b. Tilboð frá Inpro í 634, 635 og 710.
Stjórn ÞK þótti tilboðið ófullnægjandi og fól framkvæmdastjóra að ræða betur við Inpro og vinna upp nýtt tilboð og gera þeim gagntilboð.
 - c. Tilboð frá Sigurnesi í byggingar 634 og 635
Hærra tilboð liggur fyrir í þessar eignir. Framkvæmdastjóra var falið að ræða við Sigurnes um möguleika.
 - d. Óstofnað félag í eigu Draupnis ehf, Sjávarsýnar ehf og Inning ehf.
Tekið var fyrir tilboð frá ofangreindum aðilum í byggingar 635 og 945. Stjórnin hafnaði tilboðinu þar sem það þótti undir verðvæntingum fyrir þær tilteknu eignir sem tilboðið nær til.
 - e. Tilboð frá Víkurröst í byggingu.
Tekið var fyrir tilboð frá Víkurröst. Stjórnin taldi tilboðið undir verðvæntingum fyrir eignina. Sömuléiðis taldi stjórnin að einnig þyrfti að liggja betur fyrir með hvaða hætti það svæði sem byggingin stæði á yrði nýtt til framtíðar litið.
 - f. Hjálpræðisherinn
Tekið var fyrir erindi frá Hjálpræðishernum um kaup á byggingu á svæðinu undir aðstöðu hjálpræðishersins. Stjórnin tók jákvætt í erindið og faldi framkvæmdastjóra að skoða það nánar.
 - g. Norðurál leiga
Tekið var fyrir tilboð frá Norðuráli um leigu á íbúðum. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ræða málið betur við Norðurál.
3. Svör við fyrirspurnum.
 - a. Tekin var fyrir beiðni Atla Gíslasonar um gögn. Stjórnin samþykkti að afhenda umbeðið lögfræðiálit auk auglýsinga og umfjallana í miðlum. Kauptilboð og önnur samningagögn vegna kaupa einkaaðila á eignum á starfssvæði fyrirtækisins verða ekki birt opinberlega. Þetta byggist á 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, m.t.t. þess að um er að ræða gögn er varða fjárhagsmálefni einkaaðila. Fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins. Drög sem lögð voru fram að svari við fyrirspurn voru samþykkt.
 - b. Beiðni Rúv um gögn

Einstakir kaupsamningar verða ekki afhentir til opinberrar birtingar.
Drög að svari samþykkt.

- c. Fyrirspurn Guðmundar Óla Björgvinssonar, fyrir hönd umbjóðanda síns, Runólfs Oddssonar vegna Kaldasels. Drög að svari samþykkt
- d. Fyrirspurn Guðmundar Óla Björgvinssonar, fyrir hönd umbjóðenda sinna, Runólfs Oddssonar, Guðmundar Birgissonar og Ásgeirs Sigurðssonar. Drög að svari samþykkt.

4. Stöðuskýrsla verkefnis kynnt.

Farið var yfir stöðuskýrslu sem tekin hefur verið saman um verkefnið.

5. Önnur mál.

Stjórn ÞK harmar með hvaða hætti umræða hefur verið um störf ÞK að undanfögnu og hvernig það öfluga uppbyggingarstarf, sem farið hefur fram á svæðinu, með þátttöku fjölmargra aðilar hefur verið gert tortryggilegt. Stjórnin telur einnig mikilvægt er að hið rétta komist að í umræðunni.

Fleira var ekki gert og fundi slitið